

Alþingi  
Erindi nr. P 126/2445  
komudagur 7.5.2001



HASKÓLI ÍSLANDS

VIÐSKIPTA- OG  
HAGFRÆÐIDEILD

7. maí 2001

## Umsögn um frumvarp til laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, þingskjal 770 – 484. mál.

Viðskipta- og hagfræðideild hefur ekki borist bréf þar sem óskað er með formlegum hætti eftir umsögn um ofangreint frumvarp. Því hefur ekki gefist ráðrúm til þess að taka málið fyrir á deildarfundum.

Vísað er til meðfylgjandi tillögu um breytingu á lögum nr. 27/1981 sem kynnt var á fundi í Viðskipta- og hagfræðideild í janúar 1998. Eins og þar greinir er talið óþarft að menn með M.S. próf eða doktorspróf þurfi leyfi ráðherra til þess að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Síðan þá hefur deildin hafið kennslu til MBA prófs í viðskiptafræði, sem er meistaragráða. Deildin hefur það nú til athugunar hvort það sama eigi ekki gilda um þá sem ljúka MBA gráðu frá deildinni og M.S. gráðu þar sem báðar eru á meistarastigi og óskar eftir að fá að kynna menntamálanefnd þá niðurstöðu.

f.h. deildarforseta

*Kristín Klara Einarsson*  
Kristín Klara Einarssdóttir  
skrifstofustjóri

1941-2001

KENNSLA Í VIÐSKIPTAFRÆÐJ OG HAGFRÆÐI Á ÍSLANDI Í 60 ÁR

354 5526806  
Tillögur um breytingar á lögum nr. 27/1981 um rétt manna til að kalla sig  
viðskiptafræðinga eða hagfræðinga

1. 2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Þeir sem bráutskrást úr viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands með B.S., cand. oecon, M.S. eða doktorspróf þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Engum má veita leyfi það sem um ræðir í 1. gr. nema hann hafi prófgráðu samsvarandi B.S., cand. oecon, M.S. eða doktorsprófi í viðskiptafræði eða hagfræði frá skóla á háskólastigi.

3. 2. mgr. 2. gr. falli brott.

4. 3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari grein skal leita álits þriggja manna nefndar sem menntamálaráðherra skipar á eftirlitandi hátt. Einn nefndarmanna samkvæmt tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, annan samkvæmt tilnefningu viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands og þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

### Greinargerð

Upphaflegur tilgangur laganna var og er enn að senda skýr skilaboð til markaðarins um að heitin viðskiptafræðingur og hagfræðingur feli í sér tiltekna lágmarkspækkingu á viðkomandi fræðasviði. Árið 1980 var eingöngu um fjögurra ára nám að ræða í viðskiptadeild Háskóla Íslands eins og hún hét þá. Nafni hennar var breytt í viðskipta- og hagfræðideild árið 1989 og henni skipt í annars vegar viðskiptaskor og hins vegar hagfræðiskor. Í viðskiptaskor var áfram fjögurra ára nám til cand. oecon. prófs en í hagfræðiskor var tekið upp þriggja ára nám til B.S. prófs (90 e). Árið 1996 hófst einnig þriggja ára B.S. nám í viðskiptaskor. Kennsla til M.S. náms í hagfræði hófst 1991 sem þriggja missera (45 e) nám til viðbótar grunnprófi (90 e) og kennsla hófst til samsvarandi M.S. náms í viðskiptafræði árið 1997. Frá og með árinu 1996 gafst kostur á að taka þriggja ára B.A. prófgráðu í hagfræðiskor. Í B.A. prófgráðunni getur allt að 30 eininga (eins árs) nám verið utan deildar og er því samsetning þessarar prófgráðu mismunandi eins og gildir um samsvarandi prófgráður frá erlendum háskólum. Því þykir ekki rétt að B.A. prófgráða falli sjálfkrafa undir 1. gr. heldur verði menn með þá prófgráðu að sækja um leyfi til notkunar starfsheita skv. 2. gr.

Frá upphafi lagasetningarinnar hefur verið leitað álits sérstakrar matsnefndar um það hvort nemendur með prófgráðu í viðskiptafræði og hagfræði frá erlendum háskólum megi nota starfsheiti samkvæmt lögnum. Sem fyrr er gert ráð fyrir að ráðherra skeri úr ágreiningi sem rísa kann um notkun þessara starfsheita.

Frá því að lögin voru sett árið 1980 hefur skólum sem kenna greinar á sviði viðskiptafræði og hagfræði á háskólastigi fjölgað á Íslandi. Menn með prófgráðu frá þessum nýju skólum nota önnur starfsheiti en heitin viðskiptafræðingur og hagfræðingur, svo sem rekstrarfræðingur eða iðnrekstrarfræðingur. Þar sem nám í þessum skólum er sett saman með mismunandi hætti eftir námsbrautum og vali nemenda þykir rétt að þeir sitji við sama borð og þeir sem hafa prófgráðu frá erlendum háskóla eða B.A. próf úr viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Kjarni málsins er sá að prófgráður skv. 1. gr. mynda staðal við mat á öðrum prófgráðum, innlendum jafnt sem erlendum. Þannig er jafnræðia gætt í hvívetna.